

**182. fundur íþróttá- og tómsfundanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsluhúsinu á Ísafirði, 17. janúar 2018
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Jón Ottó Gunnarsson varaformaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður og Ásgerður Þorleifsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

Fundargerð ritaði: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir mætti ekki og enginn í hennar stað. Einnig sat fundinn Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti íþróttá- og tómsfundanefndar - 2014030027

Lagður fram verkefnalisti íþróttá- og tómsfundanefndar.

Lagt fram til kynningar.

2. Ályktun formannafundar HSV - fleiri verkefni - 2017120021

Lagður er fram tölvupóstur Sigríðar Láru Gunnlaugsdóttur frá 8. desember sl., ásamt ályktun formannafundar frá 4. desember sl., þar sem Ísafjarðarbær er hvattur til að horfa til aðildarfélaga HSV með fleiri verkefni er lúta að viðhaldi og fegrun bæjarins.

Á 998. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar var tekið jákvætt í erindið og því vísað til umfjöllunar í íþróttá- og tómsfundanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd og til vinnslu á skóla- og tómsfundasviði og umhverfis- og eignasviði.

Nefndin tekur vel í hugmyndina og hvetur starfsmenn sviðanna til að horfa til aðildarfélaga HSV ef upp koma verkefni sem geta hentað félögum.

3. Uppbyggingasamningar við íþróttafélög 2017-2018 - 2017020028

Kynnt drög að uppbyggingasamningum við fimm íþróttafélög og minnisblað frá sviðsstjóra.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að drögin að fjórum samningum verði samþykkt með þeim tillögum að upphæðum sem HSV leggur til. Samningsdrögum að samningi við Hestamannafélagið Hendingu verði frestað til næsta fundar.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir mætti undir þessum lið.

4. yfirlýsing kvenna þar sem þess er krafist að tekið sé föstum tókum á kynbundnu ofbeldi og misrétti innan íþróttahreyfingarinnar. - 2018010041

Umræður um yfirlýsingu 462 kvenna sem krefjast þess að tekið sé föstum tókum á kynbundnu ofbeldi og misrétti innan íþróttahreyfingarinnar.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, upplýsti nefndarmenn um þá vinnu sem í gangi er innan hreyfingarinnar. Verið er að fara í gegnum alla verkferla og mun HSV upplýsa nefndina um gang þeirrar vinnu. Nefndin leggur áherslu á að allir þeir sem skipuleggja og sjá um starf með börnum og ungmennum, vandi sig, fari að æskulýðslögum og hafi öryggi barna og ungmenna alltaf að leiðarljósi.

Gestir

Guðný Stefanía Stefánsdóttir - 08:40

Esther Ósk Arnórsdóttir og Guðný Stefanía Stefánsdóttir

5. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 - 2018010039

Kynnt nöfn þeirra íþróttamanna sem tilnefndir eru til kjörs á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2017 og efnilegasta íþróttamanninum.

Nefndin valdi íþróttamann Ísafjarðarbæjar 2017 og efnilegasta íþróttamann ársins. Valið verður tilkynnt við athöfn sunnudaginn 21. janúar kl. 16:00 á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði.

Gestir

Esther Ósk Arnórsdóttir - 09:00

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:45

Kristján Andri Guðjónsson

Jón Ottó Gunnarsson

Sif Huld Albertsdóttir

Ásgerður Þorleifsdóttir

Margrét Halldórsdóttir